

BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skilagreinar vegna styrkumsókna til borgarráðs árið 2020 - R19110012

Nú stendur til að afgreiða árlega styrkúthlutun borgarráðs. Flokkur fólksins hefur nokkrar spurningar í þessu sambandi. Í 9. gr. um reglur um styrkveitingar segir að hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja. Spurt er hvort allir þeir sem hlotið hafa styrk t.d. síðustu fimm ár hafi skilað inn skilagreinum? Hvernig er brugðist við ef styrkþegi skilar ekki inn skilagrein? Þarf viðkomandi þá að endurgreiða styrkinn?